

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík



Reykjavík, 26. febrúar 2018

Efni: Umsögn um drög að verkefnaáætlun 2018-2020 um uppbyggingu í þágu náttúru og menningarsögulegra minja.

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa kynnt sér drög að verkefnaáætlun sem lögð er fram samhliða stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Í þeim drögum sem lögð eru fram um staðbundin verkefni eru margir allra mikilvægustu ferðamannastaðir landsins og er það jákvætt. Landvarsla er mjög mikilvægur hluti verndaraðgerða og því eðlilegt að hluti fjármagnsins fari í þann málaflokk.

Í drögnum sem kynnt hafa verið kemur ekki fram hve miklu fjármagni er ætlað í hvert verkefni og óljós lýsing á verkefnunum, því er útilokað fyrir Samtökin að meta hvort aðgerðir verði nægilegar eða skili tilætluðum árangri. Miðað við það heildarfjármagn sem kynnt er í áætluninni til aðgerða á þeim tæplega 70 stöðum sem tilgreindir eru, má áætla að meira fjármagn þurfi til að koma. Samtökin gera ráð fyrir að sá hluti fjármagnsins sem fara á í landvörslu sé viðbót við það sem er í rekstraráætlunum þeirra stofnana sem umsjón hafa með svæðunum.

Samtökunum er ljóst að mun meiri þörf er á uppbyggingu og vernd en nú er til staðar. Því er þörf á auknu fjármangi til ráðstöfunar í verkefni sem landsáætluninni er ætlað að ná til. Vilja Samtökin í því sambandi benda á að ferðamenn eru að skila mjög miklu til ríkissjóðs en samkvæmt úttekt sem gerð var af Deloitte og kynnt var í júní sl. voru bein nettótekjuáhrif ríkissjóðs og sveitafélaga af ferðamönnum 39 milljarðar árið 2015 og áætla samtökin að þau hafi numið 65 milljörðum á síðasta ári. Mikilvægt er að stjórnvöld átti sig á að náttúra landsins og möguleikarnir til að upplifa hana er að miklu leiti sú undirstaða sem fyrrgreindar tekjur byggja á.

Samtökin áskilja sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Anna G. Sverrisdóttir